FLENSBORGARSKÓLINN
Heilsueflandi framhaldsskóli

Hafnarfirði, 4. september 2020

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Eins og komið hefur fram þá hafa tilmæli sóttvarnarlæknis um m.a. fjöldatakmarkanir breyst. Vegna þessa **getum fjölgað þeim greinum** sem kenndar eru í stofum hverju sinni. **Eftirtaldar greinar** verða því kenndar í húsi í næstu viku:

**Enska**
**Danska**
**Þriðja tungumálið (spænska, franska og þýska)**
**Íslenska**
**Verklegar greinar**

Áfram þarf að **huga vel að sóttvörnum** og nefni ég hér ágætis vinnureglu að nemendur **spritti svæði/snertifleti í upphafi tímans** og beri þannig ábyrgð á eigin sóttvörnum.

Í þarnæstu **viku, eða viku IV** verður síðan staðbundin lota í **félags- og viðskipta- og hagfræðigreinum, stærðfræði, raungreinum og íþróttafræði.**

Það styttist í að skólahald verði hefðbundið og ég á von á að sjá ykkur flest í skólanum í næstu viku. Að þessu sögðu þá langar mig til að hvetja ykkur áfram í náminu - taka einn dag í einu, **eina kennslustund í einu, styðjast vel við INNU og fyrirmælin þar og þá farnast ykkur vel.**

Að lokum, ég minni á **kynningarfund fyrir foreldra nýnema**, þriðjudaginn **8. september kl. 17:00**. Einnig á **öfluga nemendaþjónustu skólans** sem getur leiðbeint og stutt við nemendur í námi, sjá nánari upplýsingar á heimasíðu skólans.

Gangi ykkur öllum vel!

Með bestu kveðju,

Erla

______________________________

Erla S. Ragnarsdóttir
Skólameistari Flensborgarskóla
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland
www.flensborg.is
S: +354 565 0400/694 7594